



Námsáætlun

ÍSLE3na05 Vorönn 2021

Kennarar: Ásdís Björnsdóttir og Aðalheiður Þorsteinsdóttir

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ritgerðasmíð.
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu.
- helstu bókmenntahugtökum, mismunandi tegundum bókmennta og tímabilum í íslenskum bókmenntum síðari alda.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ritgerðir þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt á blæbrigðaríku máli.
- ganga frá texta og að nýta sér uppbyggilega gagnrýni.
- skilja og nota viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli.
- nýta sköpunargáfu og sýna sjálfstæði við úrvinnslu verkefna.
- flytja af öryggi vel uppbyggða kynningu á krefjandi efni.
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntatexta síðari tíma.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta og geta valið ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum sem er metið með verkefnum og prófum.
- beita málinu á árangursríkan og viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður sem er metið með munnlegri framsögn.
- tjá rökstudda afstöðu og taka virkan þátt í málefnalegri umræðu sem er metið með munnlegri framsögn.
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta og geta miðlað því á skýran hátt til samnemenda sinna sem er metið með verkefnum, prófum og munnlegri framsögn.
- átta sig á samfélagslegri skírskotun og ná duldum boðskap og hugmyndum sem er metið með verkefnum og prófum.
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum sem er metið með verkefnum.
- sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum sem er metið með verkefnum og prófum.

Kennslugögn

Tíminn er eins og vatnið eftir Brynju Baldursdóttur og Hallfríði Ingimundardóttur.

Salka Valka eftir Halldór Laxness.

Yndislestur – VAL: Fyrir allra augum eftir Sverri Norland eða *Stelpur sem ljúga* eftir Evu Björgu Ægisdóttur.

Ýmiss konar lesefni - Ljóð og smásögur: Sjá lesefni á Innu og vikuskipulag áfanga.



Vika	Yfirferð	Próf, verkefni, smiðja
1. 24. - 26. feb.	Kynning á áfanga. Bókmenntasaga: <i>Tíminn er eins og vatnið</i> . Angurværð nýrrar aldar og lesefni á INNU. Heimalestur: <i>Salka Valka</i> – Ástin, 1. hluti.	Verkefnavinna.
2. 1. - 5. mars	Bókmenntasaga: <i>Tíminn er eins og vatnið</i> . Angurværð nýrrar aldar, Kreppa og stríð og lesefni á INNU. Heimalestur: <i>Salka Valka</i> – Dauðinn, 2. hluti.	Verkefnavinna.
3. 8. - 12. mars	Bókmenntasaga: <i>Tíminn er eins og vatnið</i> : Kreppa og stríð og lesefni á INNU. Heimalestur: <i>Salka Valka</i> – Annar heimur, 3. hluti.	Próf úr <i>Sölku Völku</i> fyrstu tveimur hlutum (10%). Verkefnavinna. Úrsagnareindagi: 9. mars.
4. 15. - 19. mars	Bókmenntasaga: <i>Tíminn er eins og vatnið</i> : Kreppa og stríð og lesefni á INNU. Halldór Laxness og verk hans. Heimalestur: <i>Salka Valka</i> – Kjördagur lífsins, 4. hluti.	Verkefnavinna. Námsmatsdagur 19. mars. Sjúkrapróf (ef við á).
5. 22. - 26. mars	Halldór Laxness og verk hans.	Verkefnavinna. Próf úr <i>Angurværð og Kreppu og stríði</i> (20%). Miðannamat.
29. mars - 6. apríl	Páskafrí	
6. 7. - 9. apríl	Bókmenntasaga: <i>Tíminn er eins og vatnið</i> . Byltingarár og lesefni á INNU.	Tímaverkefni úr <i>Sölku Völku</i> (3. og 4. hluta) (10%). Verkefnavinna. Miðannamat.
7. 12. - 16. apríl	Bókmenntasaga: <i>Tíminn er eins og vatnið</i> . Byltingarár og lesefni á INNU.	Verkefnavinna.



8. 19. - 23. apríl	Bókmenntasaga: <i>Tíminn er eins og vatnið</i> . Raunsæi '68- kynslóðarinnar og lesefni á INNU.	Verkefnavinna. 22. apríl: Sumardagurinn fyrsti.
9. 26. - 30. apríl	Bókmenntasaga: <i>Tíminn er eins og vatnið</i> . Raunsæi '68- kynslóðarinnar og lesefni á INNU.	Verkefnavinna. Námsmatsdagur 28. apríl. Sjúkrapróf (ef við á).
10. 3. - 7. maí	Bókmenntasaga: <i>Tíminn er eins og vatnið</i> . Hræringur 1985-2000 og lesefni á INNU.	Próf úr Byltingarárum og Raunsæi '68- kynslóðarinnar (20%). Verkefnavinna.
11. 10. - 14. maí	Bókmenntasaga: <i>Tíminn er eins og vatnið</i> . Hræringur 1985-2000 og lesefni á INNU.	Próf/verkefni úr Hræringi og úr skáldsögu/ spennusögu (20%). 13. maí: Uppstigningardagur.
12. 17. - 18. maí	Bókmenntasaga: <i>Tíminn er eins og vatnið</i> . Hræringur 1985-2000 og lesefni á INNU.	

21. maí: Sjúkrapróf (ef við á.)

Kennari áskilur sér rétt til að breyta áætlun – ef þurfa þykir.

Námsmat:

Angurværð og Kreppa og stríð: Próf.*	20%
<i>Salka Valka</i> – Hluti 1 og 2: Próf.*	10%
<i>Salka Valka</i> – Hluti 3 og 4: Tímaverkefni.	10%
Byltingarár og Raunsæi '68-kynslóðarinnar: Próf.*	20%
Hræringur: Próf/verkefni.*	10%
Yndislestur – Val um tvær bækur, skáldsögu eða spennusögu.*	10%
Ýmis verkefni.	15%
Ástundun/mæting.	5%

Áfanginn er **símatsáfangi** og því er brýnt að nemendur mæti vel, vinni verkefni jafnóðum og fylgist vel með framvindu námsins í tímum og á Innu.

Sjúkrapróf og námsmatsdagar: Á önninni er boðið upp á sjúkrapróf og er reglan sú að próf fer fram næsta námsmatsdag eftir annarpróf.

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að vinna að þeim námsþáttum sem hér að ofan eru tilgreindir og hljóta lágmarkseinkunn (4,5) í þeim námsþáttum sem taldir eru upp hér fyrir ofan og eru stjörnumerktir (*) auk þess að ná heildarlágmarkseinkunn sem er 5,0.

Með góðri ósk um öfluga samvinnu og góðan árangur.
Ásdís Björnsdóttir og Aðalheiður Þorsteinsdóttir